

c) *Tæknileg hjálparefni sem eru leyfileg við framleiðslu*

- hleypir
- aðrir lífhvatar til að hleypa mjólk

d) *Skynmat*

Lykt: Engin framandi lykt.

Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan má ekki innihalda kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.

III. Kaseinöt fyrir matvæli

a) *Samsetning*

- | | |
|--|-----------------------|
| 1. Rakainnihald | hámark 8% m.v.þ. |
| 2. Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni | lágmark 88% m.v.þ. |
| 3. Mjólkurfita miðað við þurrefni | hámark 2% m.v.þ. |
| 4. Laktósi (afvatnaður) | hámark 1% m.v.þ. |
| 5. Sýrustig (pH gildi) | 6 til 8 |
| 6. Botnfall (brenndar agnir) | hámark 22,5 mg í 25 g |

b) *Aðskotaefni og -hlutir*

Blý hámark 1 mg/kg

Framandi efni (s.s. viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar)

engin í 25 g

c) *Tæknileg hjálparefni sem eru leyfileg við framleiðslu*

Hýdroxíð, karbónöt, fosföt og sítröt af natríum (Na), kalíum (K), kalsíum (Ca), ammóníum (NH₄) og magníum (Mg).

d) *Skynmat*

Lykt: Mjög dauf, framandi lykt.

Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan skal vera laus við harða kekki.

Leysni: Mikil í eimuðu vatni, nema fyrir kalsíumkaseinöt.

1) m.v.þ. = miðað við þyngd

AUGLÝSING

um breytingu á nafni Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Nafn sveitarfélagsins skal vera Vestmannaeyjabær.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988, sbr. samþykktir nr. 420/1992, 407/1993 og 180/1994:

- a. Heiti samþykktarinnar skal vera svohljóðandi: Samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
- b. Í stað orðsins „Vestmannaeyja“ í 1., 3. og 6. gr. samþykktarinnar kemur orðið „Vestmannaeyjabæjar“.

Ofangreindar breytingar, sem samþykktar eru af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar, staðfestast hér með samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm, nr. 139 3. mars 1995.

1. gr.

Í stað „30. júní 1995“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. nóvember 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

1. gr.

3., 6. og 9. tölul. 2. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. september 1995 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu af launum, greiðslum og bótum, sem greidd eru frá og með þeim tíma.

Fjármálaráðuneytið, 3. júlí 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.